

Alþingi
Erindi nr. P 126/2232
komudagur 2.5.2001



Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Reykjavík, 2. maí 2001.

Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Þingskjal 999 - 624. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, en um er að ræða heildarendurskoðun á gildandi lögum um slík réttindi, nr. 133/1994. Hér að neðan er að finna umsögn nefndarinnar:

Gert er ráð fyrir gildistöku væntanlegra laga hinn 1. júlí 2001. Er það til samræmis við gildistökuákvæði í frumvarpi til laga um útlendinga sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Við endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga mun hafa verið tekið nokkurt mið af frumvarpi til laga um útlendinga og leitast hefur verið við að hafa þar samræmi á milli. Tekið er fram í athugasemdum með frumvarpinu að dvalarleyfi og atvinnuleyfi séu nátengd og hafi þannig verið nauðsynlegt að taka tillit til framangreinds frumvarps. Laganefnd LMFÍ sendi allsherjarnefnd umsögn um frumvarp til laga um útlendinga í janúar sl. Í umsögninni voru umtalsverðar athugasemdir við það frumvarp og vildi laganefnd ekki mæla með samþykkt þess nema að undangengnum umtalsverðum lagfæringum. Með hliðsjón af þessu telur laganefnd sér ekki fært að mæla með gildistöku frumvarps til laga um atvinnuréttindi útlendinga, fyrr en sýnt er að nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpi til laga um útlendinga og í framhaldi af því eftir atvikum frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga, en nauðsynlegt er að gera ráð fyrir sama gildistöku tíma.

Laganefnd hefur nokkrar efnislegar athugasemdir fram að færa við frumvarpið, sbr. hér að neðan.

7. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að haldist það fyrirkomulag gildandi laga að tímabundið atvinnuleyfi verði aðeins veitt atvinnurekanda, en aldrei útlendingi sjálfum. Að mati laganefndar getur þetta fyrirkomulag verið afar íþyngjandi fyrir útlending, enda getur hann skv. frumvarpinu ekki fengið sjálfur atvinnuleyfi fyrr en að þremur árum liðnum og önnur skilyrði ótímabundins atvinnuleyfis eru uppfyllt. Getur þetta fyrirkomulag að mati laganefndar gert útlending óþarflega háðan atvinnuveitanda án þess að nægileg rök standi til þess, og leggur nefndin til að einnig sé unnt að veita útlendingi sjálfum tímabundið atvinnuleyfi.

8. gr.

Eins og áður sagði eru dvalarleyfi og atvinnuleyfi nátengd. Laganefnd benti á í umsögn sinni um frumvarp til laga um útlendinga að ekki væri séð að brýn þörf væri á reglu 10. gr. þess frumvarps um það skilyrði dvalarleyfis, sem veitt er í fyrsta sinn, að það hafi verið gefið út áður en komið er til landsins. Er vísað til þeirra athugasemda.

11. gr. sbr. a-liður 14. gr.

Af 2. mgr. 11. gr. sbr. a-liður 14. gr. frumvarpsins verður helst ráðið að með erlendum maka Íslending sé átt við útlending sem er eða hefur verið í hjúskap með Íslendingi. Víða er hugtakið maki notað lögum og er þá stundum átt við sambúðarmaka einng. Nauðsynlegt er að mati laganefndar að skýrt sé í lagatexta við hvað sé átt með orðinu maki og er lagt til að svo verði og í þessu sambandi.


15. gr.

Laganefnd gerir athugasemd við 15. gr. frumvarpsins, en hún er nær samhljóða núgildandi 14. gr. eins og henni var breytt með lögum nr. 41/2000. Laganefnd leggur áherslu á að ákvæði 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga, sem er efnislega hið sama og ákvæði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins, kom inn í frumvarp félagsmálaráðherra (mál nr. 261 í síðasta þingi), eftir að umsagnaraðilar höfðu tjáð sig um frumvarp ráðherrans.

15. gr. frumvarpsins hefur að geyma almennt undanþáguákvæði varðandi vinnu vísindamanna, listamanna, íþróttþjálfara o.fl. í allt að fjórar vikur. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að lögfest skuli ákvæði, sem kom inn í lögin með áðurgreindum hætti á síðasta þingi, um að þessi almenna undanþága gildi ekki um þá sem koma fram á næturklúbbum. Þessi mikilsverða undantekning á almennum undanþágureglum stenst að mati laganefndar ekki jafnræðisregluna í 65. gr. stjórnarskrár. Vilji löggjafinn koma lögum yfir einhverja tiltekna starfsemi á næturklúbbum, verður hann, að mati laganefndar, að fara aðra leið en hér er ráðgerð.

Laganefnd mælir með samþykkt frumvarpsins, að teknu tilliti til allra ofangreindra athugasemda, m.a. að því er varðar frumvarp til laga um útlendinga.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands


Jakob R. Möller, hrl.
formaður